

**Sp.**

### **658. Tillaga til þingsályktunar**

um ríkisábyrgð á viðbótarláni til virkjunar Andakílsár.

Flm.: Pétur Ottesen og Bjarni Ásgeirsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast allt að 4½ millj. kr. viðbótarlán til virkjunar Andakílsár.

#### **Greinargerð.**

Það er í ráði, að byrjað verði á virkjun Andakílsár á næstk. vori. Er nú búið að festa kaup á mestum hluta efnis til virkjunarinnar í Svíþjóð. Lokið verður smíði á nokkrum hluta vélanna í næstkomandi febrúarmánuði, en hinum í júnímánuði. Efni í loftlínur, spennubreyta og þess háttar verður og tiltækt, þegar siglingaleiðir opnast milli Svíþjóðar og Íslands. Sement og járn til stíflugerðar og húsbýgginga verður keypt eftir hendinni, en á þeim framkvæmdum hefst verkið.

Félag það, sem stendur að Andakílsárvirkjuninni, hefur fengið ríkisábyrgð fyrir láni til efniskaupanna, 3 millj. króna. Landsbankinn, Búnaðarbankinn og Útveggsbankinn hafa tekið að sér úthóð á láni til virkjunarinnar, að upphæð 3 millj. króna. Allur kostnaður við virkjunina, 5000 hön., er áætlaður 7500 þús. kr., og við þessa upphæð er viðbótarábyrgðin miðuð. Rafmagn frá virkjun þessari verður leitt til Akraness, Borgarness, Hvanneyrar og allmargra sveitabæja, sem eru á leið þeirri, sem línurnar liggja um, og auk þess einhverjar leiðslur um nágrenni Akraneskaupstaðar og ef til vill víðar. Talið er, að virkja megi 12000 hestöfl í Andakílsárfossun. Virkjun sú, er hér um ræðir, er byrjun á hagnýtingu þessara miklu virkjunarmöguleika. Síðar verður aukið við og rafmagnið leitt um aðrar byggðir Borgarfjarðarhéraðs.

Eins og fyrr greinir, eru það aðilar þeir, sem eiga Andakílsárfossana, sýslufélög Mýra- og Borgarfjarðarsýslna og Akraneskaupstaður, sem staðið hafa að undirbúningi virkjunarinnar og hefja framkvæmdir. Um framhaldið, viðbótarvirkjun, fer svo eftir því, hvað ákveðið verður í lögum, sem sett kunna að verða um vatnsvirkjunarframkvæmdir í landinu.